

95. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn 10. júní 2010, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi
 2. Almannaþingarskipulag Húnavatnssýslu
 3. Umsögn um leyfi samkv. lögum um veitinga-og gististaði
 - a) Blanda ehf.
 - b) Gistiheimilið Kiljan ehf.
 4. Atvinnumál
 5. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

Zophonías Ari Lárusson og Oddný M. Gunnarsdóttir mættu á fundinn sem áheyrnarfulltrúar.

1. **Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi**
Lagður fram ársreikningur Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi.
Ársreikningurinn lagður fram til kynningar.
2. **Almannaþingarskipulag Húnavatnssýslu**
Fyrir fundinn liggja drög að almannaþingarskipulagi fyrir Austur-Húnavatnssýslu.
Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti hið nýja skipulag almannaþinga í Húnaþingi.
3. **Umsögn um leyfi samkv. lögum um veitinga-og gististaði**
 - a) **Blanda ehf.**
Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald staðfestir bæjarráð fyrir sitt leyti umsóknina.
 - b) **Gistiheimilið Kiljan ehf.**
Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga nr. 85/2007, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald staðfestir bæjarráð fyrir sitt leyti umsóknina þó með fyrirvara um samþykki byggingafulltrúa.
4. **Atvinnumál**
Bæjarstóri fór yfir stöðu gagnavers á Blönduósi. Umræður urðu um málið.

5. Önnur mál

a) Malbikun á Mýrarbraut og við áhaldahús

Bæjarstjóri fór yfir kostnaðaráætlun á yfirlögn Mýrarbrautar að þverbraut og á plani við áhaldahús.

Bæjarráð samþykkir að fara í yfirlögn á Mýrarbraut að þverbraut og planið fyrir framan áhaldahúsið.

b) Húnavallaleið

Umræður urðu um ummæli starfsmanns Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar í fjölmiðlum að undanfögnu.

Formaður bæjarráðs afhenti fráfarandi bæjarráðsfulltrúum kveðjugjöf og þakkaði þeim kærlega fyrir samstarfið. Fráfarandi bæjarráðsfulltrúar þökkðu sömuleiðis fyrir sig.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 16:15

*Kári Kárason (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)